



Reglur um niðurgreiðslu á ferðum starfsmanna með skipulögðum samgöngum

Reglurnar ná til ferða starfsmanna Fjarðabyggðar að og frá vinnu með skipulögðum samgöngum. Reglurnar hafa það að markmiði að auðvelda starfsmönnum sveitarfélagsins að sækja vinnu um víðfemt sveitarfélag og til að jafna aðstöðu þeirra sem sækja vinnu um langan veg auk þess að stuðla að aukinni notkun almenningsgangna og kynningu þeirra sem umhverfisvæns samgöngumáta.

1. grein

Fjarðabyggð greiðir niður ferðir starfsmanna sinna með skipulögðum samgöngum samkvæmt ferðaáætlun. Ferðirnar eru niðurgreiddar að fullu af Fjarðabyggð.

2. grein

Starfsmanni Fjarðabyggðar, sem þarf að sækja vinnu á milli byggðakjarna, er lagt til kort með inneign fyrir ferðum, milli heimilis og vinnustaðar, miðað við næstu biðstöð.

3. grein

Eingöngu er um að ræða ferðir til og frá vinnu, og í vinnutíma, þegar þeim verður við komið. Ekki er heimilt að nota kort vegna ferða utan vinnutíma, s.d. um helgar og í orlofi starfsmanns.

4. grein

Annar ferðakostnaður milli vinnustaðar og heimilis er ekki greiddur til starfsmanna, s.d. notkun einkabíls, nema í þeim tilfellum að yfirmenn boði starfsmenn sérstaklega til vinnu utan reglubundins vinnutíma eða skiplagðra vakta, og ferðatilhögun falli ekki að skipulögðum samgöngum.

5. grein

Ferðir eru greiddar niður á grundvelli gildandi gjaldskrár hverju sinni og sækja starfsmenn um niðurgreiðslu með sérstöku eyðublaði sem afhent er stjórnanda viðkomandi.

6. grein

Starfsmenn greiða af fríðindum skatta og gjöld eftir því sem við á hverju sinni.

7. grein

Hlutaðeigandi stofnun sem starfsmaður er ráðinn til ber kostnað af niðurgreiðslum til starfsmanna.

Reglur þessar voru samþykktar af bæjarstjórn og staðfestar þann 6. september 2018

Karl Óttar Pétursson
bæjarstjóri